

Ed.

133. Frumvarp til laga

um breyting á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjar-sjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 5 ár um 85 kr. og eftir önnur 5 ár um 85 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetu-starfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðasta aðalþingi flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar frumvarp um breytingu á ljósmæðralögum. Var það gert samkvæmt beiðni Ljósmæðrafélags Íslands. Frumvarpið dagaði upp á því þingi, og hefur þess nú verið farið á leit við heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar, að hún tæki frumvarpið til flutnings, eins og það var orðið eftir 3. unnræðu í neðri deild. Hefur nefndin orðið við þeim tilmælum, en einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um efni frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar og fylgiskjals með frumvarpinu á þing-skjali 655 frá 64. löggjafarþingi.